

Jón Fannar Guðmundsson
Framboð til stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna



Ég hef setið í stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna síðustu tvö ár og býð mig fram til áframhaldandi stjórnarsetu. Á síðasta kjörtímabili hefur markviss stefnumótun átt sér stað með það markmið að tryggja stöðu sjóðsins til lengri tíma. Meðal annars er horft til mögulegra sameininga við aðra sjóði til að ná fram stærðarhagkvæmni, styrkja stöðu sjóðsins og réttindi sjóðsfélaga.

Tel ég að þekking mín á fjármálamarkaði, reynsla sem sjóðsfélagi til margra ára og sem stjórnarmaður síðustu tveggja ára muni nýtast vel í þeim mikilvægu verkefnum sem framundan eru. Lífeyrismál skipta okkur öll máli og nái ég kjöri mun ég halda áfram að gæta hagsmuna sjóðsfélaga Lífeyrissjóðs bankamanna.

Starfsreynsla: Starfa á fyrirtækjasviði Landsbankans. Hóf störf í bankanum árið 2004 og hef starfað innan mismunandi sviði og deilda bankans.

Menntun: Hef lokið háskólaprófum í sálfræði og viðskiptafræði auk þess að hafa öðlast verðbréfaréttindi.